Breytingin varðar verslunar- og skrifstofureit á horni Kirkjubrautar og Háholts þannig að í stað stórrar einnar byggingar á horninu er gert ráð fyrir tveimur minni byggingum.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 27 9. janúar 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1987-2007.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Eyrarbakkahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. desember 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka sem staðfest var 20. janúar 1989, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að á svæði austan við Álfsstétt og norðan við Háeyrarvelli er sett íbúðabyggð þar sem áður var að hluta grænt svæði.

Sveitarstjórn Eyrarbakkahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 28 11. janúar 1995

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/1995 um breytingar samkvæmt skattvísitölu gjaldárið 1995.

Samkvæmt 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 hefur skattvísitala gjaldársins 1995 verið ákveðin **103,92 stig** miðað við gjaldárið 1992 en þá var hún **100 stig.**

A. Samkvæmt ákvæðum 122. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er skylt að hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu þær fjárhæðir sem

um er að ræða í eftirtöldum greinum laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:

1. 17. gr. 3. mgr.: Hámark skattfrjáls söluhagnaðar af vissum hlutabréfum.
2. 30. gr. 1. mgr.: Frádráttur frá tekjum utan atvinnurekstrar:
   a) 2. tl. B-liðar: Arðsfrádráttur.
   b) Bráðabirgðaákvæði I: Fjárfesting í atvinnurekstri.
3. 30. gr. 2. mgr.: Heildarfyrningargrunnur íbúðarhúsnæðis.
4. 30. gr. 4. mgr.: Frádráttur frá húsaleigutekjum.
5. 41. gr.: Gjaldfærsla eigna eða eignasamstæðna.
6. 67. gr. 2. mgr.: Frítekjumark barna.
7. 68. gr. A: Persónuafsláttarhluti skattafsláttar.
8. 68. gr. B: Sjómannaafsláttur.
9. 69. gr. A: Barnabætur.
10. 69. gr. B: Barnabótaauki.
11. 69. gr. C: Vaxtabætur.
12. 78. gr.: Frádráttur vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæðna.
13. 83. gr.: Skattfrjáls hrein eign manna.
14. 84. gr.: Skattfrjáls hrein eign dánarbús í lok andlátsárs.

Með vísan til framanritaðs breytast þær fjárhæðir sem tilteknar eru í ofanrituðum ákvæðum laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sem hér greinir:

1. 17. gr. 3. mgr.: Í stað 328.500 kr. komi 341.377 kr.
2. a) 30. gr. 1. mgr. B-liður: 2. tölul. 1. málsl.: Í stað 126.000 kr. og 252.000 kr. komi 130.939 kr. og 261.878 kr.

   b) 30. gr., sbr. 23. gr. laga nr. 111/1992, bráðabirgðaákvæði I, 1. mgr. 2. málsl.
   Í stað 100.000 kr. og 200.000 kr. komi 103.920 kr. og 207.840 kr.
3. 30. gr. 2. mgr. 3. málsl.: Í stað 21.000.000 kr. og 42.000.000 kr. komi 21.823.200 kr. og 43.646.400 kr.
4. 30. gr. 4. mgr.: Í stað 25.000 kr. komi 25.980 kr.
5. 41. gr.: Í stað 115.000 kr. komi 119.508 kr.
6. 67. gr. 2. mgr.: Í stað 75.000 kr. komi 77.940 kr.
7. 68. gr. A: Í stað 282.264 kr. komi 293.329 kr.
8. 68. gr. B: Í stað 660 kr. komi 686 kr.
9. 69. gr. A: 1. mgr.: Í stað 8.886 kr., 27.564 kr. og 28.917 kr. komi 9.234 kr., 28.645 kr. og 30.051 kr.

69. gr. A: 2. mgr.: Í stað 66.723 kr., 70.941 kr. og 28.917 kr. komi 69.339 kr., 73.722 kr. og 30.051 kr.

10. 69. gr. B: 2. mgr.: Í stað 89.284 kr. og 96.784 kr. komi 92.784 kr. og 100.578 kr.
69. gr. B: 3. mgr.: Í stað 1.098.000 kr. og 549.000 kr. komi 1.141.042 kr. og 570.521 kr.
69. gr. B: 4. mgr.: Í stað 4.017.000 kr. og 6.026.000 kr. komi 4.174.466 kr. og 6.262.219 kr.

11. 69. gr. C: 3. mgr. 4. málsl.: Í stað 395.698 kr., 519.467 kr. og 643.235 kr. komi: 411.209 kr., 539.830 kr. og 668.450 kr.

69. gr. C: 4. mgr. 3. málsl.: Í stað 2.976.267 kr. og 4.933.677 kr. komi 3.092.937 kr. og 5.127.077 kr.

69. gr. C: 4. mgr. 5. málsl.: Í stað 135.035 kr., 173.664 kr. og 223.310 kr. komi 140.328 kr., 180.472 kr. og 232.064 kr.

69. gr. C: 4. mgr. 7. málsl.: Í stað 500 kr. komi 520 kr.

12. 78. gr. 1. mgr.: Í stað 1.183.000 kr. og 2.366.000 kr. komi 1.229.374 kr. og 2.458.748 kr.

13. 83. gr.: Í stað 3.514.000 kr. komi 3.651.749 kr.

14. 84. gr.: Í stað 3.514.000 kr. komi 3.651.749 kr.

B. Samkvæmt ákvæðum 2. málsl. a-liðar 3. gr. laga nr. 83/1989, með síðari breytingum, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga skal fjárhæð í 1. málsl. a-liðar 3. gr. laganna breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Með vísan til framanritaðs breytist fjárhæð í 1. málsl. a-liðar 3. gr. sem hér segir: Í stað 5.078.000 kr. komi 5.277.058 kr.

C. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skal tryggingagjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 59. gr. þeirra laga. Gjaldstofn þessi skal þó eigi vera lægri en 720.000 kr. miðað við heilt ár. Fjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með vísan til framanritaðs breytist fjárhæð 2. málsl. umræddrar 3. mgr. 6. gr. sem hér segir:

Í stað 720.000 kr. komi 748.224 kr.

D. Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða IV og VI með lögum nr. 111/1992 (23. gr. laganna) hækkar grunnfjárhæð til útreiknings sérstaks tekjuskatts sem lagður verður á á árinu 1995 samkvæmt skattvísitölu þess árs.

Samkvæmt framangreindu breytast fjárhæðir í umræddu ákvæði til bráðabirgða IV sem hér segir:

Í stað 2.400.000 kr. og 4.800.000 kr. komi: 2.494.080 kr. og 4.988.160 kr.

E. Fyrirframgreiðslu vegna sérstaks tekjuskatts, sem lagður verður á árið 1996, ber að inna af hendi í mánuðunum ágúst - desember 1995.

Með vísan til 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV, með lögum nr. 147/1994 (18. gr. laganna) hækka grunnfjárhæðir, sbr. 1. mgr. ákvæðisins til útreiknings á fyrirframgreiðslu samkvæmt skattvísitölu.

Fjárhæðirnar breytast sem hér segir:

Í stað 2.700.000 kr. og 5.400.000 kr. komi: 2.805.840 kr. og 5.611.680 kr.

Tekið skal fram að fjárhæðir sem varða afslætti við staðgreiðslu ársins 1995 og útborgun bóta á því ári, þ.e.a.s. persónuafsláttur, sjómannaafsláttur, barnabætur og vaxtabætur, sbr. hér að framan, taka breytingum 1. júlí 1995 í samræmi við breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. desember 1994 (3384 stig) til og með 1. júní 1995.

Reykjavík, 11. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

10. janúar 1995 Nr. 29

SAMÞYKKT

um hundahald á Blönduósi.

1. gr.

Hundahald sætir þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum á Blönduósi, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki beggja aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem sérinngangur fylgir íbúðum, þarf samþykki allra íbúðareigenda.
c. Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan 2ja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.